

Fundur svæðisráðs vestursvæðis 03.12.12 haldinn í Árhúsum á Hellu kl. 14.00–16:40.

Mætt: Ástvaldur Guðmundsson, Elín Heiða Valsdóttir, Karl Ölvirsson, Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Skúlason og Snorri Baldursson. Forföll: Erla Ívarsdóttir

1. **Akstursleiðir á Vestursvæði.** EH upplýsti að stjórn VJP væri ánægð með vinnubrögð svæðisráðs varðandi tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Langasjó – Eldgjá, en að ekki hefði náðst full samstaða um þær akstursleiðir í vatni sem tillagan gerir ráð fyrir. Stjórn óskar því eftir umræðu í svæðisráði um “hvort gera eigi frekari úttekt á akstursleiðum, sem liggja að hluta til í vatni, innan þjóðgarðs á Skaftártunguafretti með tilliti til öryggismála, umhverfis- og náttúrufars.

Nokkur umræða varð um málið og töldu flestir sem til máls tóku að tillagan hefði verið vel ígrunduð og fullrædd af hálfu svæðisráðs og að ef stjórn vildi breyta ákvörðuninni eða undirbyggja hana frekar yrði hún að taka fulla ábyrgð á því. Jafnframt komu fram efasemdir um að unnt væri að gera vel ígrundaða, óháða úttekt á þessum leiðum á tveimur mánuðum um hávetur. Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Svæðisráð skilaði til stjórnar tillögu að verndaráætlun fyrir Langasjó-Eldgjá þann 9. okt síðastliðinn. Þar er gert ráð fyrir lokun leiðar með norðurbakka Langasjávar yfir sumartímann en að leiðir um Blautulón og Hellnafjall verði opnar allt árið. Svæðisráð telur ekki ástæðu til að breyta þessari tillögu. Vilji stjórn láta gera óháða úttekt á ofangreindum leiðum leggur svæðisráð til að næstu tvö til þrjú ár verði notuð til að safna gögnum og reynslu varðandi umferð um þær og fleiri varasamar leiðir í þjóðgarðinum. Þessi gögn og reynsla verði notuð til að undirbyggja ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag umferðar á þessum leiðum. Úttekt af þessu tagi yrði hluti af öryggisáætlun þjóðgarðsins, sbr. bls 47 í núgildandi Stjórnunar- og verndaráætlun.

2. Heildarendurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlunar.

Svæðisráð fór yfir ný drög að Stjórnunar- og verndaráætlun, dags. 23. nóvember 2012.

Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar komu fram, sem Snorra var falið að fylgja eftir:

- Breyta skilgreiningu á vegi um Skælinga í F3
- Leið frá Jökulheimum að jökli verði F3-ófær og í skýringar komi Hættulegt vatnsfall.
- Bárðargata milli Jökulheima og Svarthöfða, setja í skýringar Vaðið yfir Sveðju er ófært við núverandi aðstæður.
- Vantar að gera grein fyrir aðkomuleiðum inn á vestursvæði í kafla 2213–2232.
 - o Að Eldgjá og Langasjó, Fjallabaksleið nyrðri F208 að austan og vestan
 - o Að Tungnaáröræfum að sunnan, frá F229 við afleggjarann að Mána
 - o Að Tungnaáröræfum að norðan, frá Sprengisandsvegi F26 um Þórisós

Í tengslum við þessa umræðu ákvað svæðisráð að láta fara fram heildarendurskipulagningu á ferðaleiðum á Tungnaáröræfum í samráði við hagsmunaaðila.

3. Drög að atvinnustefnu.

EH kynnti drög að atvinnustefnu sem ALTA er að vinna fyrir þjóðgarðinn. Eftirfarandi bókun var samþykkt af því tilefni: *Svæðisráð vestursvæðis lýsir yfir ánægju með að þetta ferli sé komið í*

gang og vill leggja því til bækling sem unnin var að frumkvæði svæðisráðs vestursvæðis árið 2011 vegna fundar um atvinnumál á Kirkjubæjarklaustri.

4. Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

ÓJ kynnti forsögu og stöðu verkefnisins sem getur farið formlega af stað strax og fjárlög hafa verið samþykkt. ÓJ taldi að þakka mætti árangur verkefnisins mikilli og góðri forvinnu og loforðum ráðamanna í kjölfar Grímsvatnagossins: Eftirfarandi var bókað: *Svæðisráð vestursvæðis lýsir yfir mikilli ánægju með ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja 870 milljónir í byggingu þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri á næstu þremur árum.*

5. Önnur mál

SB kynnti hugmyndir um umbyggingu í Eldgjá á næsta sumri, þ.e. að setja niður svipaða áningaaðstöðu þar og við Laka. Í því fælist m.a. að færa þyrfti salerni sem staðsett er við brúna yfir Ófæru u.þ.b. 50 m til suðurs og staðsetja það undir höfðanum sunnan bílastæðisins ásamt litlu viðveruhúsi fyrir landverði og áningaraðstöðu.

ÓJ óskar eftir nánara samstarfi og samráði VJP við Kötlum Jarðvang. SB o.fl. fara á kynningarfund sem er fyrirhugaður á Kirkjubæjarklaustri þann 11. desember.

SB sagði frá IPA-styrkumsókn til Evrópusambandsins sem hann tók þátt í að vinna með Sigurði Bogasyni frá fyrirtækinu MarkMar, að undirlagi framkvæmdastjóra garðsins. Verkefnið miðar að því að auka aðgengi að VJP og efla atvinnulíf í nærsveitum hans.

Fundi slitið kl:16.40

Snorri Baldursson